

## Einstaklingar í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla

### Hvað kemur fram í þessu yfirliti?

Upplýsingar sem mikilvægt er að hafa í huga vegna viðskipta við einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla.

Fjallað er um hverjir falla í áhættuhóp vegna slíkra tengsla sem og aðgerðir sem tilkynningarskyldum aðilum ber að viðhafa þegar viðskipti eru átt við aðila með stjórnmálaleg tengsl.

Yfirlitinu er ætlað að hafa almennt upplýsinga- og fræðslugildi fyrir tilkynningarskylda aðila.

Fjallað er um einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórnmálalegra tengsla í lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018. Þá er eftir atvikum á forræði ráðherra og eftirlitsaðila að gefa út nánari fyrirsmæli um framkvæmd laganna.

### Skilaboð frá Skrifstofu fjármálagreininga lögreglu (sfl.)

Áhætta vegna stjórnmálalegra tengsla er til staðar þegar um er að ræða einstaklinga sem gegna mikilvægum opinberum stöðum, á borð við æðstu embættismenn, dómara við áfrýjunardómstóla, kjörna fulltrúa á löggjafarþingum o.s.frv. (PEPs). Utan þessa hóps standa einstaklingar sem gegna lægri stöðum, á borð við millistjórnendur opinberra aðila o.s.frv.

Þó er vert að hafa í huga að áhætta vegna mútu- og spillingarbrotá kann sem slík að vera aukin, þó ekki sé um að ræða einstakling í skilgreindum áhættuhópi (PEP).

## Það er á ábyrgð tilkynningarskyldra aðila að þekkja til sinna viðskipta og tilkynna sfl. um grun

### Ábyrgð tilkynningarskyldra aðila.

Það er hlutverk tilkynningarskyldra aðila að meta og taka afstöðu til þess hvort áhættusöm tengsl séu til staðar, og hvaða áhrif þau hafa á áhættu í viðskiptum hverju sinni.

*Reglulega* kemur upp að þjónusta tilkynningarskyldra aðila hér á landi sé misnotuð til að framkvæma greiðslur sem eru liður í peningabætti.

Það er engin ástæða til að álykta að peningabættisbrot eða aðferðir sem beitt er erlendis fyrirfinnist ekki hér á landi.

### Tengsl

Aðilar kunna að vera í áhættuhópi vegna *tengsla* við PEP. Þetta getur átt við um stjórnenda- eða eignatengsl við lögaðila og einstaklinga sem eru nákomnir viðkomandi t.d. vegna vensla o.s.frv.

Öll slík tengsl við PEP ættu að vera tekin til greina með sjálfstæðum hætti.

### Frumbrot

Tilkynningarskyldir aðilar ættu að vera vakandi fyrir því hvort færslur viðskiptavinar tengist mútum, þar sem slík brot eru jafnan frumbrot peningabættis, burtséð frá því hvort brotið varðar innlenda eða erlenda aðila.

### Stöður sem líklegt er að feli í sér áhættu vegna stjórnmalalegra tengsla:

- Þjóðhöfðingjar, ráðherrar og staðgenglar ráðherra eða aðstoðarráðherrar.
- Þingmenn.
- Hæstaréttardómarar, dómarar við stjórnlagadómstóla eða aðrir háttsettir dómarar við dómstóla þaðan sem niðurstöðu er ekki hægt að áfrýja nema í undantekningartilvikum.
- Dómarar við endurskoðunarrétt eða stjórnarmenn seðlabanka.
- Dendiherrar, staðgenglar sendiherra og háttsettir yfirmenn herja.
- Fulltrúar í stjórn, framkvæmdastjórn eða eftirlitsstjórn fyrirtækja í eigu ríkis.

### Tengsl

- Maki.
- Sérhver sambúðarmaki, sem hefur sömu stöðu og maki
- Börn og makar þeirra eða sambúðarmakar.
- Foreldrar.

### Til náninna samstarfsmanna teljast t.d.:

- Einstaklingar sem vitað er að hafi verið raunverulegir eigendur lögaðila með einstaklingi, sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu.
- Einstaklingar sem átt hafa nán viðskiptatengsl við einstakling, sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu.
- Einstaklingur sem er einn raunverulegur eigandi lögaðila sem vitað/grunað er að í reynd var stofnað til til hagsbóta fyrir einstakling sem er eða hefur verið háttsettur og gegnt opinberri þjónustu.

## Áreiðanleikakönnun og eftirlit

### Áhættumiðað eftirlit

Sýna ætti aukna árvekni þegar vitneskja eða grunur er um að viðskipti tengist aðila í áhættuhópi. Til að mynda ætti að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun og framkvæma áhættumat með tilliti til viðskiptanna sem um ræðir.

Þá er sérstaklega mikilvægt að kanna uppruna auðs og fjármagns hverju sinni og kanna áhættu sem kann að skapast vegna mótaðila í viðskiptunum.

Þá ætti að beita lækkuðum viðmiðum í tengslum við eftirlit með viðskiptum eftir því sem við á. Þetta á t.d. við um þröskulda sem beitt er í tengslum við flöggunarkerfi o.s.frv. tengsla o.s.frv.

### Tegundir og ummerki um frumbrot

Frumbrot sem eðlislægt tengjast stjórn mála- legum tengslum eru einkum mútur og spillingar- brot eins og þau eru skilgreind hverju sinni.

Ummerki um slík brot og áhættu þar að lútandi eru breytileg, en felast þó gjarnan í ummerkjum um að borið sé fé á embættismenn í skiptum fyrir gæði sem viðkomandi telur sig ekki eiga tilkall til.

Slík ummerki eru t.d. greiðslur til eða frá aðilum í áhættuhópi, sem virðast ekki hafa eðlilegan tilgang. Oft er um að ræða færslur í tengslum við aðila eða reikninga í þriðja ríki, þá sérstaklega s.n. aflandssvæðum og ríkjum þar sem mikil spilling eða leyndarhyggja ríkir.

Mikilvægt er að tilkynningarskyldir aðilar séu vakandi fyrir upplýsingum um háttsemi í tengslum við sína starfsgrein og starfsemi.

Í fylgiskjali II er listi um slíka háttsemi sem sérstaklega hefur orðið vart við á Íslandi. Athugið að listinn er ekki tæmandi.

## Nokkur gagnleg atriði

### Tilkynningarskylda

Sfl. leggur áherslu á að tilkynningarskyldum aðilum ber viðhafa ráðstafanir til þess að skilja eðli og tilgang viðskipta. Tilburðir til þess að tryggja leynd yfir viðskiptum af hálfu viðskiptavinar gagnvart tilkynningarskyldum aðila, ætti að túlka sem ummerki áhættu, sérstaklega þegar um er að ræða einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórn mála-legra tengsla.

### Frumbrot

Tilkynningarskyldir aðilar ættu að vera vakandi fyrir því hvort færslur viðskiptavinar tengist mútum, þar sem slík brot eru jafnan frumbrot peningþvættis og því tilkynningarskyld athæfi, burtséð frá því hvort brotið varðar innlenda eða erlenda aðila.

### Eftirlit með háttsemi

Mikilvægt er að tilkynna sfl. um grun. Notast ætti við lágsta stig gruns, þ.e. grunur þarf ekki að vera rökstuddur.

Eins er mikilvægt að grunur sé tilkynntur þá þegar hann kviknar og upplýst sé hvenær fyrirhugað er að viðskipti séu framkvæmd, eigi slíkt við.

### Nokkur algeng ummerki áhættu

- Óvenju flókin viðskipti.
- Algengt að greiðslur fari í gegnum óþarflega marga aðila stundum á grundvelli óvenju flókinna samninga.
- Ummerki um að reynt sé að dylja uppruna greiðslu (aðila sem greiðsla/verðmæti kom upphaflega frá).
- Erfitt er að sjá lögmætan eða eðlilegar viðskiptalegar forsendur fyrir fyrirkomulagi viðskipta, sérstaklega ef hátt flækjustig er fyrir hendi.
- Raunverulegt andlag viðskipta blasir ekki við eða ummerki eru um að andlaginu sé leynt.
- Ummerki eru um að vilji sé til að leyna raunverulegum eiganda.
- Uppruna fjármuna/auðs er ekki ljós eða honum er leynt.
- Notkun aflandsfélaga eða reikninga á aflands-svæðum.
- Aðili, andlag viðskipta, eða ríki sem tengist viðskiptum sætir viðskiptaþvingunum sem Ísland framfylgir.
- Notkun eignarhaldsfélaga kann að vera merki um áhættu sérstaklega samfara flóknu eignarhaldi eða tengsla við aflands-svæði eða ríki þar sem lítið gagnsæi ríkir í viðskiptum.
- Viðskipti sem tengjast opinberri úthlutun verðmæta.
- Á sérstaklega við ríki þar sem hætt er við spillingu.